

Þátttökuaðlögun í Lundarseli-Pálmholti 2022

Kæru foreldrar/forráðamenn

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi þess og foreldra. Til að auðvelda börnum og foreldrum og starfsfólki umskiptin, hefur í gegnum tíðina tíðkast að setja upp sérstakt skipulag í leikskólum, sem gengur undir nafninu aðlögun.

Lundarsel byrjaði að hafa Þátttökuaðlögun í leikskólanum árið 2011 og var ánægja með þessa aðferð, bæði hjá börnum, foreldrum og starfsmönnum. Í því ljósi er sérstaklega horft á þátt foreldra, þeir kynnast starfssemi og starfsmönnum mun betur en áður. Foreldrar kynnast betur hvernig dagurinn gengur fyrir sig og eru mun öruggari að skilja börnin sín eftir. Þátttökuaðlögun byggist á því að ekki er verið að venja barnið á að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Þátttökuaðlögun byggist meðal annars á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýjum aðstæðum á börnin sín.

Aðlögun tekur að öllu jöfnu tvo til fjóra daga, eftir aldri barnsins og foreldrar eru allan tímann með barni sínu. Þannig gefst foreldrum gott tækifæri til að kynnast starfsfólki, börnunum og hvernig dagurinn gengur fyrir sig á deild barnsins. Með góðri aðlögun er lagður hornsteinn að öryggi og vellíðan barnsins og farsælu samstarfi heimilis og skóla. Með þessari aðferð getum við einnig klárað alla innritun barna mun fyrr en áður.

Það er eingöngu gert ráð fyrir að annað foreldrið sé með í aðlöguninni.

Hlutverk foreldris þessa daga meðan á aðlögun stendur er að vera með barninu í daglegu starfi í leikskólanum, inni sem úti. Foreldri aðstoðar barnið sitt í morgunmat/hádegismat/nónhressingu, klæðir barnið út/inn, leikur við barnið bæði úti og inni, skiptir á barninu eða aðstoðar það á wc og kemur því í svefn/hvíld. Þessa daga eru starfsmenn meira sem áhorfendur en eru að sjálfsögðu með foreldrum í þessu ferli, spjalla við börn og foreldra og bera ábyrgð á öllu dagskipulagi.

Af virðingu við börnin og starfssemi leikskólans eru GSM símar stilltir á þögn og ekki er talað í þá á meðan aðlögun stendur, nema í undantekningartilvikum.

Mikilvægt er að foreldrar virði þær reglur sem eru viðhafðar á deild barnsins og í leikskólanum almennt.

Foreldrar og gestir eru vinsamlegast beðnir um að gæta þagmælsku og trúmennsku við leikskólann og ræða ekki annars staðar það sem þeir heyra og sjá varðandi persónuleg málefni annarra barna, foreldra eða starfsmanna.

Fyrir hönd starfsmanna Lundarsels-Pálmholts og ósk um gott samstarf;

Björg Sigurvinsdóttir, skólastjóri

Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarskólastjóri